



Skattastefna

Tilgangur

Skattastefna tilgreinir markmið Ölgerðarinnar í skattamálum og tryggir að félagið standi við skyldur sínar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum, auk þess að tilgreina helstu skattaáhrættur Ölgerðarinnar og viðbrögð við þeim. Þessi stefna nær til allrar starfsemi innan samstæðu Ölgerðarinnar. Stefnan á við um alla skatta sem eiga við um samstæðuna, bæði beina og óbeina, líkt og tekjuskatt, fjármagnstekjuskatt, staðgreiðslur, áfengisgjöld, skilagjöld, virðisaukaskatt o.fl.

Stefna

Ölgerðin leggur áherslu á tímanlegar og réttmætar skattgreiðslur sem hluti af heiðarlegri og sjálfbærri rekstrarstefnu. Fyrirtækið greiðir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur, með það að markmiði að lágmarka skattaáhrættu, sem getur skapast vegna óvissu í túlkun eða framkvæmd skattalaga, og tryggja þannig fjárhagslegt öryggi og gott orðspor.

Skattaáhrættu er lágmarkuð með faglegri þekkingu starfsmanna og góðu aðgengi að ytri ráðgjöf og sérfræðingum, líkt og endurskoðendum og lögfræðingum, þegar sérstök álitamál koma upp. Öll viðskipti milli félaga innan samstæðu Ölgerðarinnar og við önnur tengd félög fylgja armslengdarreglunni sbr. reglugerð nr. 1180/2014 um skjölun og milliverðlagningu í viðskiptum tengdra lögaðila og 3. mgr. 57. gr. laga nr. 97/2003 um tekjuskatt.

Ölgerðin veitir upplýsingar í ársreikningum samstæðunnar um helstu liði við útreikning á tekjuskattsskuldbindingum og greidda skatta tímabilsins.